

## **Athugasemdir við sjúkraskrá og leiðréttingar.**

Ef upplýsingar í sjúkraskrá eru taldar rangar eða villandi getur sjúklingur eða umboðsmaður hans sent tölvupóst þess efnis á [hgf@reykjalundur.is](mailto:hgf@reykjalundur.is) ásamt rökstuðningi fyrir erindinu. Slík erindi eru að jafnaði tekin fyrir hjá upplýsingaöryggisnefnd. Slík erindi geta tekið einhvern tíma í úrvinnslu. Sé sjúklingur almennt ósáttur við þær upplýsingar sem skráðar eru í sjúkraskrána eða ósammála innihaldi þeirra þá er honum heimilt að senda inn skriflegar athugasemdir við textann og eru þær athugasemdir lagðar í sjúkraskrána.

Ef upplýsingar í sjúkraskrá eru bersýnilega rangar, þannig að ekki sé rétt farið með staðreyndir svo sem að ofnæmi sé rangt skráð eða röng lyf tilgreind, er hægt að leiðrétta það.

Óheimilt er samkvæmt lögum að eyða upplýsingum úr sjúkraskrá sjúklings nema með samþykki landlæknis.

Að úrvinnslu lokinni kemur fram í svari Reykjalundar hvernig brugðist er við athugasemd við sjúkraskrá eða beiðni um leiðréttingu á henni. Hafni Reykjalundur erindinu er hægt að skjóta þeirri synjun til Embættis landlæknis.

Reykjalundi 15. apríl 2025